

## Almennar upplýsingar fyrir golffarþega.

Öll verð miðast við að greitt sé í gegnum heimasíðu Express ferða. Ef greitt er í gegnum síma eða á skrifstofu Express ferða, þá bætist við bókunargjald, kr. 3.900 á farþega.

Flutningur fyrir golfsett er innifalinn í verðum í golfferðum Express ferða og flogið með flugvélum Iceland Express. Golfsettið má vikta allt að 12 kg og farangurstaska allt að 15 kg eða samtals 27 kg pr farþega.

Lágmarkspátttaka í hverri ferð þarf að vera 16 manns til þess að golffararstjóri verði með í ferðinni.

Verð golfferða miðast við gengi Evru þann 8. júní 2010, þó aðeins þann hluta pakkaverðsins, sem Express ferðir þurfa að greiða í Evrum.

Almennt þurfa kylfingar í okkar golfferðum að vera með forgjöf til þess að spila á þeim golfvöllum, sem við bjóðum uppá. Stundum höfum við notið velvildar og þeir sem ekki eru með formlega forgjöf fengið að spila, en það er ekki á okkar ábyrgð á hverjum tíma og hverjum stað. Rétt er að geta þess að mikilvægast er fyrir alla golfspilara að halda leikhraða og fylgjast með öðrum hollum og tefja ekki leik annarra, eins og gert er um allan heim.

Þeir golffarþegar, sem vilja panta golfbíla fyrir sig, geta pantað það fyrirfram með því að senda pöntun um slíkt á [info@expressferdir.is](mailto:info@expressferdir.is) Verð golfbíla er misjafnt eftir golfvöllum og greitt er á staðnum. Rétt er að kynna sér, hvort gjald fyrir golfbíl sé fyrir 18 holur eða heilan dag, ef einhver vill spila meira heldur en 18 holur. Ef vinafólk vill spila saman í holti allan ferðina, má senda beiðni um slíkt á ofangreint netfang, að öðru leyti reyna fararstjórar að stilla upp og blanda eftir atvikum golffarþegum í holl. Einnig má koma óskum á framfæri, þegar út er komið.

Á þeim golfvöllum okkar, sem boðið er uppá ótakmarkað golf, þá gilda almennar reglur um slíkt, með þeim hætti em golfvellir hafa þróað með sér.

Einungis er hægt að panta ótakmarkað golf, þegar búið er að klára 18 holur og hefur hver spilar fyrir sig samband við golfbúðina og ath hvort lausir rástímar séu til staðar og geta þess að vera á vegum Express ferða.

Nánari upplýsingar má fá á [info@expressferdir.is](mailto:info@expressferdir.is)